



Hreppsnefnd 19.10.06

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 19. október 2006

- kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson., Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Jafnframt voru mættir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. sept. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 21. sept. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir annars vegar samningsslitum milli Arnarvatns og Bræðra og systra og hinsvegar nýjum samningi milli Arnarvatns og nýs rekstraraðila, Háahrauns ehf., um rekstur á Hótel Tanga.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð bygginganefndar frá 11. okt. sl.

Lögð fram fundargerð bygginganefndar frá 11. okt. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir hugmyndum HB Granda um byggingu á nýrri frystigeymslu á hafnarsvæðinu. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál Fundargerð umhverfismálanefndar frá 27. sept. sl.

Lögð fram fundargerð umhverfismálanefndar frá 27. sept. sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. mál Fundargerð íþrótt- og æskulýðsnefndar frá 28. sept. sl.

Lögð fram fyrsta fundargerð íþrótt- og æskulýðsnefndar frá 28. sept. sl. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina og vangaveltur, sem þar komu fram m. a. um opnunartíma íþróttahúss o. fl.- Magnúsi Má falið að skoða málefni íþróttahúss í samráði við forstöðumann íþróttahúss og formann æskulýðs- og íþróttanefndar.

5. mál Fundargerð sameiginlegrar félagsmálanefndar frá 9. okt. sl.

Lögð fram fundargerð sameiginlegrar félagsmálanefndar á svæðinu Vopnafjörður til Djúpavogs.

Gerð var grein fyrir því að fyrihugaður er fundur í næstu viku með sérfræðingum félagsmála af Fljótsdalshéraði, þar sem farið verður yfir fyrirkomulag þessara mála og hvernig best verður staðið að þjónustunni gagnvart Vopnafirði.

6. mál Bréf félagsmálaráðuneytis frá 22. sept. sl., varðandi ráðstöfun á 700 millj. kr. aukaframlagi 2006.

Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins frá 22. sept. sl., þar sem kynntar eru reglur um ráðstöfun á 700 m. kr. aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt lögð fram yfirlit þar sem fram kemur hvernig framlög hafa verið ákveðin til hinna mismunandi sveitarfélaga, vegna fasteignaskatta, tekjujöfnunarframlaga og vegna íbúafækkunar á árinu 2006. Ennfremur var gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem Vopnafjarðarhreppur hefur komið á framfæri til tekjustofnanefndarinnar, sem vinnur að endurskoðun þessara mála.

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir stöðu mála, oddviti reifaði málið einnig viðvíkjandi tekjujöfnunarframlag til sveitarfélaga. Allmikil umræða átti sér stað um málefnið.

7. mál. Lánasjóður sveitarfélaga, lánsloforð.

Sveitarstjóri kynnti drög að lánssamningi milli Vopnafjarðarhrepps og Lánasjóðs sveitarfélaga. Í því sambandi lagði hann og fram yfirlit yfir helstu kjör og lánstíma. Fram kemur í yfirlitinu að um er að ræða vísitölutryggt lán til 16 ára með 4,75 % vöxtum. Lántökugjald er 0,4 % og ekkert stimpilgjald. Í framhaldi lagði hann fram svofellda tillögu um afgreiðslu málsins:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 45.000.000 kr. til 16 ára, í samræmi við skilmála í lánssamningi milli Vopnafjarðarhrepps og Lánasjóðs sveitarfélaga, sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til þess m. a. að fjármagna skuldbreytingar lána, hafnar-, fráveitu- og vatnsveituframkvæmdir, sbr. 2. gr.

laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess, f. h. Vopnafjarðarhrepps, að undirrita lánessamning eða skuldabréf við Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.”

Oddviti minnihlutans lagði til að könnuð yrði hagkvæni þess að taka erlent lán samnborið við íslenskt lán í gegnum Lánasjóðinn. Jafnframt óskaði hann eftir upplýsingum um það hversu mikið lán sveitarsjóðs myndu hækka við þessa lántöku og hvaða kjör væru á þeim lánum sem ætti að greiða niður.

Oddviti meirihlutans greindi frá því að fyrirliggjandi lánstilboð frá Lánasjóði sveitarfélaga væri hagstæðasta lán, sem hægt væri að fá miðað við lán sem tekin eru í íslenskum krónum.

Vopnafjarðarhreppur hefði fram að þessu ekki tekið það skref að taka erlend lán sökum gengisáhættu, sem slíkri lántöku fylgir, þrátt fyrir að vaxtamunur væri á lánum teknum í erlendri mynt samanborið við íslenskar krónur. Ljóst er að erfitt getur reynst að spá fyrir um þróun gengis- og vaxtamálamála til framtíðar.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna kjör á erlendu láni samanborið við lán í íslenskum krónum. Slík athugun liggja fyrir á næsta fundi hreppsnefndar.

Endanlegri afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

8. mál. Samgönguráðuneytið bréf varðandi umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018.

(Umhverfismat að tillögu að samgönguáætlun 2007-2018 sendist meðfylgjandi í tölvupósti).

Lagt fram bréf samgönguráðuneytisins frá 05. okt. sl. varðandi umhverfismat Samgönguáætlunar 2007-2018. Í bréfinu kemur fram að frestur til að gera athugasemdir við umhverfismatið er til og með 20. nóv. 2006.

Gerði oddviti að umræðu áætlunina og vakti athygli á að jarðgöng undir Hellisheiði væru ekki lengur inni í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018. Vopnfirðingar hefðu verk að vinna til að spyrna við fótum og knýja á um að jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs verði í samgönguáætlun árána 2007-2018.

Töluverðar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn. Fram kom full samstaða um að knýja á um göng undir Hellisheiði og var sveitarstjóra falið að fara yfir fyrirliggjandi tillögu að umhverfismati og vinna að athugasemdum Vopnafjarðarhrepps fyrir tilskilinn tíma.

9. mál Ýmis bréf og fundargerðir:

a) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga haldin í Reykjavík 16. og 17. nóv. n. k.

Kynnt að fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður dagana 16. og 17. nóv. n. k. í Reykjavík.

b) Fundargerð aðalfundar HAUST frá 11. okt. 2006.

Lögð fram fundargerð aðalfundar HAUST frá 11. okt. sl.

c) Bréf SSA frá 12. okt. sl., ásamt samþykktum frá 40. aðalfundi SSA.

Lagðar fram samþykktir SSA frá 40. aðalfundi SSA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30